

Umhverfisstofnun
b.t. Hauks R. Magnússonar
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 12. ágúst 2013

Efni: Umsögn - Reglugerð um ósoneydandi efni

I. Almennt

Vísað er til draga að nýrri reglugerð um ósoneydandi efni (hér eftir nefnd reglugerðin) sem send var Félagi atvinnurekenda (hér eftir nefnd FA) til umsagnar þann 15. júlí 2013. FA telur þarft að settar séu fram ítarlegar reglur í tengslum við ósoneydandi efni en jafnframt að sú reglugerðarsetning fari fram í samræmi við lög og stjórnarskrá.

II. Athugasemdir Félags atvinnurekenda

Undirritaður gerir athugasemdir við umrædd drög og þá með hliðsjón af lögmætisreglu íslensks réttar sem sækir stoð sína í ákvæði Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir nefnd stjórnarskrá). Er mikilvægt að gæta að því að reglugerðin sé bæði sett með stjórnskipulega réttum hætti, sem og standi ekki í bága við sett lög.

A. Ákvæði reglugerðar ósamrýmanleg lögum

Samkvæmt formþætti lögmætisreglu íslensks réttar þá má reglugerðarsetning stjórnvalda ekki ganga í berhögg við lög. Umrætt regla grundvallast á 2. gr. stjórnarskrárinnar, forgangsreglunni *lex superior* og hugmyndinni um lýðræðislegt stjórnarfar. Það er löggjafinn, Alþingi og forseti Íslands, sem setja lög og stjórnvöld verða svo að hlíta þeirri lagasetningu og mega ekki setja reglur sem ganga í berhögg við hana. Ljóst er að við gerð reglugerðarinnar ber að hafa umrædd sjónarmið að leiðarljósi.

FA telur að ekki sé að framangreindu gætt í umræddri reglugerð og vísar þá í eftirfarandi ákvæði;

1. Í 1. gr. kemur fram að markmið reglugerðarinnar sé að „sjá til þess að framleiðslu, innflutningi og sölu ósoneyðandi efna verði hætt...“
2. Í 4. gr. kemur fram að óheimilt sé að „flytja inn og setja upp búnað sem notar ósoneyðandi efni.“
3. Í 5. gr. kemur svo ennfremur fram að „Inn- og útflutningur ósoneyðandi efna er bannaður.“ Svo hefur Umhverfisstofnun heimild til að veita undanþágu fyrir innflutningi á ósoneyðandi efna, að nánari skilyrðum fullnægðum.

Reglugerðin sækir stoð sína í efnalög nr. 61/2013 (hér eftir nefnd efnalög). Í 25. gr. þeirra laga er að finna efnisákvæði um ósoneyðandi efni og hljóðar 1. mgr. svo;

„Framleiðsla, markaðssetning, útflutningur og notkun ósoneyðandi efna er bönnuð. Markaðssetning, útflutningur og notkun búnaðar og hluta sem innihalda ósoneyðandi efni er bönnuð.“

Af framangreindu er ljóst að reglugerðin bannar innflutning á ósoneyðandi efnum. Efnalögin telja upp ákveðnar hömlur við notkun á ósoneyðandi efnum en tiltaka hvergi innflutning. Er því ljóst að reglugerðin gengur lengra en löggin í að skerða meðhöndlun á umræddum efnum.

FA leggur til að reglugerðin sé endurskoðuð með hliðsjón af ákvæðum efnalaganna og metið sérstaklega hvort hún samræmist þeim ákvæðum. Af framangreindu telur FA ekki heimild til að banna innflutning á umræddum efnum enda samrýmist það ekki ákvæðum efnalaga.

B. Of víðtækar skyldur í reglugerðum

Samkvæmt lagaáskilnaðarreglu 75. gr. stjórnarskrárinnar er óheimilt að takmarka atvinnufrelsi nema fyrir því sé skýr lagastöð. Allar takmarkanir á þeim mannréttindum ber að túlka með þröngum hætti enda eru mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar settar til verndar borgurunum, þar á meðal fyrirtækjum.

Með reglugerðinni eru innleiddar EES- gerðir þar sem ítarlega er fjallað um meðhöndlun efna sem eyða ósonlaginu og takmarkanir þar á. Er þar á meðal að finna víðtækar skyldur á fyrirtæki til að skila skýrslum til yfirvalda sem og höft á innflutning á tilteknum vörum. Hvergi er slíkt að finna í efnalögum né heldur að finna reglugerðarheimild sem heimilar að ráðherra setji slíkar skyldur á fyrirtæki.


Reglugerðarheimildir, þær sem reglugerðin sækir stoð í, rúma ekki umræddar takmarkanir. Hefði það átt að koma skýrt fram í lögnum ef slíkar hömlur ætti að setja á starfsemi fyrirtækja enda varðar það viðurlögum að verða ekki við fyrirmælum umræddra EES-gerða, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar.

FA leggur til að ráðuneytið vandi vel til verka við innleiðingu á umræddum EES-gerðum og skodi hvort ákvæði þeirra rúmist innan þeirra reglugerðarheimilda sem reglugerðin sækir stoð sína í.

III. Annað

Að lokum áskilur undirritaður sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Einnig lýsir undirritaður sig reiðubúinn til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda